

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá fyrir sorphirðu í Akureyrarbæ, nr. 31/2020.

1. gr.

1. mgr. 4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:  
Sorphirðugjald á íbúð er 50.268 kr.

2. gr.

4. mgr. 4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:  
Innifalið í sorphirðugjaldi er móttaka á gjaldskyldu flokkuðu sorpi til eyðingar og endurvinnslu, á endurvinnslustöð gámasvæðis að Réttarhvammi, gegn framvísun 16 skipta klippikorts, sem fæst árlega. Hvert klipp gildir fyrir 0,25 m<sup>3</sup>, sem samsvarar 240 l heimilistunnu. Aukakort fyrir einstaklinga kosta: 16 skipta klippikort kr. 11.300, 8 skipta klippikort kr. 5.650.

3. gr.

1., 2. og 3. mgr. 5. gr. gjaldskrárinnar orðast svo:  
Fyrir móttöku á malbiksbroti á Malbikunarstöð Akureyrar, skal greiða 7,19 kr./kg vegna kostnaðar við endurvinnslu og geymslu.  
Fyrir losun úrgangs vegna götusópunar (olíuskilja) skal greiða 7,19 kr./kg.  
Fyrir móttöku á múr- og glerbroti, sem er umfram eðlilega heimilislosun, að Sjafnarnesi 2-4, Akureyri, skal greiða 8,50 kr./kg vegna kostnaðar við endurvinnslu og geymslu.

4. gr.

Auglýsing þessi um breytingu á gjaldskránni er sett í samræmi við samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Akureyrarkaupstað nr. 670/2011, 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Auglýsingin tekur þegar gildi.  
Gjaldskrárbreytingin var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrarbæjar 5. desember 2023.

*F.h. Akureyrarbæjar, 12. desember 2023,*

**Inga Þöll Þórgnýsdóttir** bæjarlögmaður/persónuverndarfulltrúi.